

Stærðfræði 2. bekkur

Kennarar: Edda Guðrún Valdimarsdóttir; Sigrún Antonisdóttir

2

Skólaárið

2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Í upphafi hverrar viku er sérstakur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleyðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn - Sproti 2a.

Ágúst - október : unnið með tölur 0 -20. Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20.

Október - nóvember : tölfræði, lengdarmælingar og tölur upp í 100.

Nóvember - desember: samlagning, frádráttur og tími.

Vorönn - Sproti 2b

Janúar - mars : samhverfa, að tvöfalda og helminga, sléttar tölur og oddatölur.

Mars : reikningur með tölum upp í 100.

Apríl : flatarmál og reikningur.

Maí : marghyrningar og hringir, rúmfræðiform.

Námsaðlögun

Námið er aðlagð að þörfum einstakra nemenda sem ekki ná tökum á námsefninu sem unnið er með hverju sinni. Notast er við hlutbundið og staðlað efnið.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Eftir hvert viðfangsefni taka nemendur könnun til að meta stöðu og áframhaldandi nám. Niðurstöður sendar heim í ferilmöppu. Í lok hvorrar annar er skrifleg könnun úr námsefni annarinnar.

Námsgögn

Sproti 2a og 2b, nemendabók og æfingabók. Húrrahefti fyrir 2. bekk. Stærðfræðispæjarar. Í undirdjúpunum, samlagning og frádráttur. Gagnvirkir vefir, smáforrit og efni frá kennara.

AS Stærðfræði 2. bekkur 2019 - 2024 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu og vasareikna við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt líf

AS Stærðfræði 2. bekkur 2019 - 2024 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga

AS Stærðfræði 2. bekkur 2019 - 2024 - Tölur og reikningur

- unnið með tölur upp í 100, raðað þeim og borið saman

AS Stærðfræði 2. bekkur 2019 - 2024 - Algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um einföld mynstur

AS Stærðfræði 2. bekkur 2019 - 2024 - Rúmfræði og mælingar

- notað og beitt aldurssamsvarandi hugtökum rúmfræðinnar

AS Stærðfræði 2. bekkur 2019 - 2024 - Tölfræði og líkindi

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit